

Nefndarsvið Alþingis,
Menntamálanefnd,
b.t. Hlín Lilja Sigfúsdóttir,
Austurstræti 8 – 10,
101 Reykjavík.

netfang. nefndarsvid@althingi.is.

Efni. Frumvarp til laga um breytingu á Höfundalögum nr. 73/1972 með síðari breytingum.

Vísað er til bréfs Menntamálanefndar Alþingis sem sent var umbjóðanda mínum Félagi íslenskra bókaútgefenda þann 29.04.2005. Óskað var umsagnar frá félaginu um frumvarp til laga um breytingu á höfundarlögum eigi síðar en 10.05.2005.

Undirrituðum hefur sem lögmanni Félags íslenskra bókaútgefenda verið falið að svara bréfinu. Fyrir hönd félagsins er þakkað að félaginu sé sent það frumvarp sem hér um ræðir til umsagnar. Frumvarpið er ítarlega rökstutt og skilmerkilega framsett.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu þá er frumvarp það sem hér um ræðir samið af Höfundarréttarnefnd til að laga íslensk höfundarréttarlög nr. 73/1972 að efni tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 29/2001 eða svokölluðu "Infosoc directiv". Í athugasemdum kemur jafnframt fram að Menntamálaráðuneytið og Höfundarréttarnefnd líta á frumvarpið sem fyrsta áfanga í heildarendurskoðun höfundalaga sem fallist er á að orðin sé tímabær. Er þess vænst að slík endurskoðun muni ekki dragast mjög lengi úr því sem komið er.

Í meginatriðum sér Félag íslenskra bókaútgefenda ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við frumvarp það sem hér um ræðir.

Frumvarpið er afleiðing af áður tilvitnaðri tilskipun 29/2001 og þeirra skuldbindinga að þjóðarrétti sem leiðir af tilskipuninni. Gerðar eru í frumvarpinu tillögur um breytingar á íslenskum höfundalögum sem eru í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Fyrir liggur að tímabært er orðið og í samræmi við skyldur íslenska ríkisins að aðlaga íslenska löggjöf að ákvæðum tilskipunarinnar. Þá liggur og fyrir að í öllu verulegu er hér um að ræða lagaákvæði og breytingar sem varða þá þætti höfundalaga sem varða starfsemi aðildarfélaga Félags íslenskra bókaútgefenda að takmörkuðu leyti.

Þó skal áréttað að samkvæmt 2. gr. frumvarpsins kemur í 11. gr. höfundalaganna ný skilgreining á heimild einstaklinga til endurgjaldslausrar eintakagerðar til einkanota. Ákvæðið er til einföldunar og skilmerkilega framsett. Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýju lagaákvæði sem verði 50. gr. b. sem fjallar um heimild til að sniðganga tæknilegar ráðstafanir.

Mikilvægt er verði frumvarpið samþykkt óbreytt að skýrt verði ráðið af lögskýringargögnum hvort ákvæði 50. gr. b sé ætlað að ganga frammar ákvæði 1. mgr. 11. gr. þannig að ákvæði takmarki að þessu leyti eintakagerð til einkanota eða hvort eintakagerð til einkanota sé heimil þrátt fyrir ákvæði greinarinnar.

Reykjavík, 06.05.2005.
f.h. Félags ísl. bókaútgefenda,


Halldór Þ. Birgisson hfl.